

---

**2018 nr. 42 23. maí****Lög um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum**

Tóku gildi 26. maí 2018.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Lög um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. júlí 2018.

**■ 2. gr.**

Frá og með 1. desember 2018 skal Lífeyrissjóður bænda

starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga nr. 129/1997 og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laganna, eigi síðar en 1. október 2018.

**■ 3. gr.**

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna sem falla á sjóðinn vegna áunninna réttinda sjóðfélaga sem fæddir eru 1914 eða fyrr eða maka þeirra skulu greidd úr ríkissjóði.

**■ 4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.